

Hörgársveit
Erindisbréf
fyrir
fræðslunefnd

I. kafli

Verkefni nefndarinnar

1. gr.

Fræðslunefnd fer með málefni leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla samkvæmt lögum og reglugerðum um þá í umboði sveitarstjórnar eftir því sem nánar er kveðið á um í þessu erindisbréfi sem gert er í samræmi við *Samþykkt um stjórn Hörgársveitar og fundarskóp sveitarstjórnar*. Orðið skóli vísar hér á eftir til allra áðurgreindra skóla.

2. gr.

Fræðslunefnd gerir tillögu til sveitarstjórnar um stefnumörkun á sviði skólamála sveitarfélagsins. Nefndin fylgist með því að skólarnir vinni að settum markmiðum, veiti góða þjónustu og starfsemin sé skilvirk og hagkvæm.

3. gr.

Fræðslunefnd

- hefur eftirlit með að öll börn í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu og umönnunar. Í störfum sínum ber fræðslunefnd að vinna að því að allir nemendur njóti sem bestar aðstöðu og jafnastra tækifæra til náms og að skólinn veiti sérhverjum nemanda fræðslu og umönnun eftir aldri sínum og þroska og í samræmi við gildandi aðalnámskrár á hverjum tíma,
- staðfestir skólanámskrá skólanna ár hvert,
- fylgist með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu, gerð skólanámskrár og gerir tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi,
- stuðlar að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar,
- hefur eftirlit með að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar útbúnaður. Fræðslunefnd, ásamt skólastjórum, lítur eftir að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða á þessu sviði og gerir tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur,
- gerir tillögu til sveitarstjórnar um skipulag skólamála í sveitarfélaginu,
- gerir tillögu til sveitarstjórnar um gjaldskrár skólanna, þ.e. leikskólagjalda, mötuneytisgjalda o.s.frv.,
- hefur eftirlit með og stuðlar að því að skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir,
- hefur eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur,
- lætur menntamálaráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sitt, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur,
- hefur eftirlit með skólatengdu starfi sem veitt er í skólunum utan skólatíma.
- hefur eftirlit með skólaakstri nemenda,
- hefur eftirlit með að til séu sem gleggstar upplýsingar um skólamál í sveitarfélaginu og að íbúar þess hafi aðgang að upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er.

4. gr.

Fræðslunefnd hefur eftirlit með framkvæmd eftirfarandi laga og reglugerða byggðra á þeim, eins og þau eru á hverjum tíma og að því marki sem lögin setja skyldur á herðar sveitarfélaga:

- a. grunnskólalög nr. 91/2008
- b. lög um leikskóla nr. 90/2008
- c. lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008
- d. lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985,
- e. reglugerð nr. 198/1992 um eftirlit og leyfisveitingar vegna daggæslu barna í heimahúsum
- f. aðrar lagasetningar Alþingis og reglugerðir ráðuneyta sem á hverjum tíma tengjast verkefnum nefndarinnar.

Þá skal nefndin fara eftir samþykktum og reglum sem sveitarstjórn hefur sett eða kann að setja um verkefni hennar. Það á einnig við um samninga og samstarf á þessum vettvangi við önnur sveitarfélög.

Nefndinni er skylt að eiga samstarf við aðrar nefndir sveitarfélagsins, eftir því sem málefni gefa tilefni til á hverju tíma.

II. kafli

Skipan nefndarinnar

5. gr.

Sveitarstjórn skal á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá nefndarmenn í fræðslunefnd til fjögurra ára og þrjá til vara. Sveitarstjórn kýs formann.

6. gr.

Formaður fræðslunefndar stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar nefndarinnar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

7. gr.

Fræðslunefnd heldur að jafnaði fjóra fundi á ári. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska þess.

8. gr.

Sveitarstjóri situr að jafnaði fundi fræðslunefndar með málfrelsi og tillögurétt. Auk hans eiga eftirtaldir rétt til setu á fræðslunefndarfundum með sömu skilyrðum:

- skólastjóri Álfasteins
- skólastjóri Þelamerkurskóla
- einn fulltrúi starfsfólks leikskóla, sbr. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008
- einn fulltrúi foreldra leikskólabarna, sbr. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008
- einn fulltrúi grunnskólakennara, sbr. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008
- einn fulltrúi foreldra grunnskólabarna, sbr. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008

Heimilt er að boða aðra á fundi nefndarinnar til viðræðna um tiltekin mál.

III. kafli

Yfirstjórn fræðslumála

9. gr.

Að fenginni umsögn fræðslunefndar ræður sveitarstjóri í umboði sveitarstjórnar skólastjóra grunnskóla sbr. lög um grunnskóla nr. 91/2008 og leikskólustjóra og aðra forstöðumenn sem undir hann heyra. Skólustjórar ráða aðra starfsmenn.

10. gr.

Sveitarstjórn úthlutar fjárhagsramma til nefndarinnar vegna fjárhagsáætlunar fyrir næsta starfsár. Á grundvelli hans gerir nefndin tillögu við fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár vegna málaflokks síns. Tillögur um breytingar á þjónustu skal skýra og rökstyðja sérstaklega og þurfa samþykki sveitarstjórnar. Breytingar á gjaldskrá þurfa að samþykkjast af sveitarstjórn.

11. gr.

Formaður fræðslunefndar er í forsvari fyrir fræðslunefnd um stefnumótun og ákvarðanir hennar eftir því sem við á. Sveitarstjóri ber ábyrgð á stjórn og rekstri málaflokksins, þ.m.t. fjármálum, starfsmannamálum og framkvæmd ákvarðana nefndarinnar.

IV. kafli

Fundarsköp fræðslunefndar

12. gr.

Um fundarsköp á fundum fræðslunefndar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og *Samþykkt um stjórn Hörgársveitar og fundarsköp sveitarstjórnar*.

Formaður boðar eða lætur boða til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru, eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send til aðalmanna í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir fund. Fundir fræðslunefndar eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Fundur er lögmaður ef meira en helmingur nefndarmanna er á fundi. Fræðslunefnd getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmaður. Falli atkvæði að jöfnu telst mál fallið.

Formaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

13. gr.

Fundir fræðslunefndar skulu skráðir í sérstaka fundargerðabók og tölvuskráðir. Við skráningu skal fylgja þeim meginreglum sem gilda um skráningu fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 32. gr. í *Samþykkt um stjórn Hörgársveitar og fundarsköp sveitarstjórnar*, svo sem hér segir:

Í fundargerðabók skal færa:

- a. númer fundar
- b. hvar og hvenær fundurinn er haldinn
- c. upphafstíma fundar
- d. að fundargerð sé færð í tölvu.
- e. fundarslitatíma
- f. blaðsíðutal fundargerðar.

Viðstaddir nefndarmenn skulu rita nöfn sín í gerðabókina í fundarlok.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa

- a. fundartíma og fundarstað,
- b. nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn,

- c. nöfn starfsmanna sem sækja fundinn,
- d. heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
- e. greinargóða lýsingu á hverju fundarefni,
- f. bókanir nefndarinnar eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við
- g. í fundargerð skal einnig koma fram ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

Í lok fundar skal tölvuskráð fundargerð prentuð og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal formaður og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem tölusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu. Undirritaðar fundargerðir skulu varðveittar á skrifstofu Hörgársveitar. Sveitarstjóri sér um að tilkynna aðilum mála, sem afgreidd eru í fræðslunefnd, um málalok. Skrifstofa sveitarfélagsins sér um að birta fundargerðir á vefsíðu Hörgársveitar.

14. gr.

Fundargerðabók og öll bréf, erindi, skýrslur og skjöl, sem snerta starf nefndarinnar skulu varðveitt á skrifstofu Hörgársveitar. Þegar mál varðar einstakling skal skrá afgreiðslu þess í sérstaka trúnaðarmálabók, sem vera skal í vörslu nefndarinnar. Fulltrúar í sveitarstjórn ásamt sveitarstjóra hafa óheftan aðgang að öllum gögnum nefndarinnar nema lög ákveði annað.

15. gr.

Fundargerðir fræðslunefndar skulu teknar á dagskrá sveitarstjórnar, svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi, til fullnaðarafgreiðslu á þeim málum sem þar eru tekin fyrir. Sveitarstjórn getur veitt nefndinni heimild til fullnaðarafgreiðslu á einstökum málum.

V. kafli

Hæfi og skyldur fræðslunefndarmanna og annarra fundarmanna

16. gr.

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda, eftir því sem við á, ákvæði sveitarstjórnar-laga nr. 138/2011, sbr. einnig *Samþykkt um stjórn og fundarsköp Hörgársveitar*. Nefndarmönnum er skylt að kynna sér þessi ákvæði.

17. gr.

Um hæfi fræðslunefndarmanna gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og *Samþykkt um stjórn Hörgársveitar og fundarsköp sveitarstjórnar*.

Um hæfi annarra sem sitja fundi fræðslunefndar gilda ákvæði II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

18. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi fræðslunefndar nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé fræðslunefndarmaður fallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund.

19. gr.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra fundarmenn.

VI. kafli

Málsmeðferðareglur fræðslunefndar

20. gr.

Við meðferð mála hjá fræðslunefnd, er varða rétt og skyldu aðila að stjórnarsýslumáli, skulu nefndarmenn og starfsmenn gæta ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Fræðslunefnd skal gæta að leiðbeiningarskyldu varðandi þau erindi sem eru til meðferðar hjá nefndinni. Þá skulu ákvarðanir vera teknar svo fljótt sem unnt er eftir að mál hefur verið nægjanlega upplýst.

21. gr.

Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs skv. stjórnarsýslulögum nr. 37/1993. Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls fyrir fræðslunefnd áður en tekin er ákvörðun enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök.

22. gr.

Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er varða mál hans með þeim takmörkunum sem getið er um í 16. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalögum nr. 50/1996.

23. gr.

Ákvörðun fræðslunefndar skal tilkynnt aðila máls. Hafi umsókn aðila verið hafnað eða ekki tekin til greina að öllu leyti skal fylgja tilkynningunni rökstuðningur eða leiðbeiningar um heimild aðila til að fá ákvörðun rökstudda. Einnig skulu fylgja leiðbeiningar um kær- og endurupptökuheimild og fresti til að kæra eða endurupptaka mál.

VII. kafli

Heimildir til fullnaðarákvarðana

24. gr.

Sveitarstjóra, í samráði við skólastjóra, er heimilt að afgreiða án staðfestingar fræðslunefndar

- a. leyfi fyrir skólavist í öðrum sveitarfélögum,
- b. leyfi fyrir leikskólavist í öðrum sveitarfélögum,
- c. önnur mál sem fræðslunefnd felur sveitarstjóra að afgreiða.

Skólastjórum er heimilt að afgreiða án staðfestingar fræðslunefndar

- a. leyfi fyrir skólavist nemenda í skólum í sveitarfélaginu sem eiga lögheimili utan þess,
- b. leyfi fyrir rannsóknum í skólum,
- c. umsóknir um launalaus leyfi,
- d. umsóknir um leikskólavist,
- e. umsóknir um tíma vegna sérkennslu í leikskóla,
- f. leyfi fyrir leikskólavist í leikskóla fyrir börn sem eiga lögheimili utan sveitarfélagsins,
- g. önnur mál sem fræðslunefnd felur skólastjórum að afgreiða.

Sveitarstjórn setur reglur um afgreiðslu ofangreindra mála. Mál sem skólastjórar og sveitarstjóri afgreiða í umboði fræðslunefndar skulu kynnt fræðslunefnd með skriflegri skýrslu a.m.k. einu sinni á ári.

VIII. kafli

Endurupptaka máls

25. gr.

Eftir að fræðslunefnd hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til sveitarstjórnar.

IX. kafli

Stjórnsýslukæra

26. gr.

Aðila máls er heimilt að kæra ákvörðun fræðslunefndar til æðra stjórnvalds sem við á til þess að fá ákvörðun fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju.

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun nefndarinnar, nema lög leiði til annars frests. Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar meðan málið er til meðferðar nema æðra stjórnvald mæli svo fyrir.

X. kafli

Gildistaka

27. gr.

Erindisbréf þetta, sem byggir á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og *Samþykkt um stjórn og fundarsköp Hörgársveitar*, var samþykkt af sveitarstjórn Hörgársveitar 23. ágúst 2018 til að taka þegar gildi.